

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Lagið sem við heyrðum í upphafi þáttarins heitir "Biding My Time". Roger Waters samdi það 1969 en það kom ekki á plötu fyrr en á safnplötunni "Relics", sem kom út í maí 1971 en þessi plata innihélt ýmis lög frá 1967-69. Lagið er einkennandi fyrir sumar ballöðukenndar tónsmíðar Waters frá þessum árum en er enn fremur töluvert blússkotið.

En snúum okkur að tónsmíðum Pink Floyd á árinu 1971. Þeir fóru snemma í stúdíóið þetta ár með alls konar hugmyndir en gekk ekkert allt of vel að koma þeim heim og saman. Meðal þess, sem þeir reyndu var að hver þeirra um sig hljóðritaði sína rás í kringum ákveðið grunnstef án tillits til þess hvað hver hinna var að gera. Enn fremur héldu þeir áfram tilraunum sínum með alls konar effekta og hljóðgervla og má benda á að þeir voru meðal allra fyrstu hljómsveita til að nota hinn fræga Moog synthesizer. Þá voru þeir óhræddir við að prófa alls kyns hljóð, bæði úr náttúrunni og manngerðu umhverfi. Nægir þar að nefna fuglahljóðin í "Grantchester Meadows" á "Ummagumma" og hin aðskiljanlegustu eldhúshljóð í "Alan's Psychedelic Breakfast" á "Atom Heart Mother". Meira að segja stóð til eftir "Dark Side of the Moon" að gefa út plötu, sem væri eingöngu með eldhúshljóðum, svo sem diska-, glasa og hnífaparaglamri, en þeir hættu við það þó að þeir hafi reyndar notfært sér þessar tilraunir að hluta á sumum plötum seinna meir, svo sem "Wish You Were Here". En áfram með söguna.

Fljótlega sáu þeir að hljóðblöndunin, sem Abbey Road stúdíó bauð upp á, þ.e. 8 rása kerfi, væri engan veginn nóg til að ná því fram, sem þeir vildu, þannig að þeir færðu töluvert af efninu, sem þeir notuðu svo á plötunni, yfir á 16 rása band í smærri en nýttiskulegri eða amk tæknilegri stúdíóum í London, svo sem AIR og Morgan. Upptökurnar urðu sífellt fleiri og lengri en þegar komið var fram á sumar voru þeir enn ekki ánægðir með árangurinn. Tilraunirnar gengu undir ýmsum nöfnum, svo sem "Nothings", "Sons of Nothings" og "Return of the Sons of Nothings" og það var um tíma vinnuheiti nýju plötunnar, sem sýnir okkur fyrst og fremst hve fæðingin var erfið. Þó var ákveðið þema smám saman að verða til.

Einhvern tíma snemmsumars sendi Richard Wright einn háan píanótón gegnum svokallaðan Leslie hátalara, sem bæði magnar hljóðið upp en býr líka til eins konar doppler áhrif með því að láta hátalarann snúast. Útkoman varð hástemmt "ping" svipað og hljóðið í kafbátsdýptarmæli. Þetta demó var svo notað sem upphafshljóðin á Echoes á seinni hlið plötunnar. Áfram héldu þeir og gerðu tilraunir með alls konar hljóð, sem urðu meira eða minna til fyrir tilviljun eða óvart, svo sem þegar Gilmour tengdi gítarpedalann öfugt eitt skiptið, þannig að úr urðu eins konar hátóna mávahljóð í fjarska. Smám saman varð verkið þannig til og þeir gátu snúið sér að því að búa til lög fyrir fyrri hlið plötunnar.

Platan "Meddle" kom út í nóvember 1971 en ekki á árinu 1972 eins og minni sérfræðingur í floydískum fræðum sagði á RÚV 1. mars sl. Nafnið er orðaleikur og má bæði túlka sem medalía eða það að grípa inn í. Platan er af mörgum talin meðal meistaraverka þróaða rokksins og sumir telja hana standa "Dark Side of the Moon" fyllilega jafnfætis en hafi jafnvel fallið í skuggann af þeirri síðarnefndu, sem þó kom ekki út fyrr næstum einu og hálfu ári síðar. Hvað sem því líður rís samstarf fjórmeninganna einna hæst á þessari plötu. Allir eru þeir skrifaðir fyrir þremur lögum af sex og allir eiga þeir hluta í textum plötunnar svo eitthvað sé nefnt. Þá má segja að í laginu "Echoes" sé hið margfræga Pink Floyd sánd fullskapað þó að það hafi vissulega þróast áfram líklega a' mestu fyrir tilstilli Wright og Gilmour a.m.k. þar til "Wish You Were Here" leit dagsins ljós. Albúmið er enn fremur dálítið sérstakt. Að utan er mynd af mannseyra í kafi í vatni en sjá má hringbylgjur í vatninu ofan við eyrað. Það má geta þess að Storm Thorgerson, aðalhönnuður plötuumslaga Pink Floyd á þessum tíma, var aldrei ánægður með útkomuna og stakk reyndar upp á að nota mynd af bavíanarassi í staðinn. Inni í umslaginu er svo opnumynd af þeim öllum fjórum og er það í síðasta skipti, sem þeir birtu myndir af sér í langan tíma eða allt þar til "A Momentary Lapse of Reason" kom út 1987. Hér var um að ræða meðvitaða ákvörðun hljómsveitarmeðlima að kanna hvort þeir gætu viðhaldið frægð sinni utan fjölmiðlaljóssins. Til að gera langa sögu stutta tókst það.

Fyrsta lagið á fyrri plötusíðu Meddle heitir "One of These Days" og er fyrsta lagið, sem ég heyrði með hljómsveitinni svo ég viti, líklega árið 1972 í Reykholti, þ.e. reyksal nemenda í Menntaskólanum við Tjörnina. Hér er um að ræða lag eftir þá alla, sem er samið utan um bassahljóð, sem Waters bjó til með því að senda víbrandi bassatóna gegnum Binson

bergmálstæki. Bassalaglínan er spiluð af Waters og Gilmour saman og er vægast sagt grípandi. Í lok miðhluta lagsins heyrir Nick Mason segja skrumskældri röddu "One of these days I am going to cut you into little pieces".

Lag: One of These Days <https://www.youtube.com/watch?v=aRPCrWPAteQ>

Ég ætla að leyfa ykkur að heyra eitt lag í viðbót af fyrri hlið plötunnar, síðasta lagið, sem heitir "Seamus". Hér er um að ræða blús, sem þeir eru allir skrifaðir fyrir og hefur meðal annars sér til ágætis að hafa oft náð 1. sæti í kosningum um versta Pink Floyd lag allra tíma. Ég er ekki sammála því mati en gef ekkert upp um hvaða PF lag mér þykir persónulega verst eða lélegast. Lagið heitir eftir hundinum Seamus, sem Gilmour var að passa fyrir kunningja sinn og tekur hundurinn vel undir söng Gilmours. Getu má þess að þetta lag var flutt á "Life at Pompei" tónleikunum undir heitinu "Mademoiselle Nobs" eftir tókinni, sem þar raulaði undir.

Lag: Seamus <https://www.youtube.com/watch?v=VmoDL7GirxE>

Þá er komið að snilldarverkinu "Echoes". Svo ég upplýsi ykkur hlustendur góðir um eigin smekk er ég ekkert yfir mig hrifinn af fyrri hlið "Meddle" í heild en lít hins vegar á "Echoes" sem meistarastykki, sem gefur hvorki "Dark Side of the Moon" né "Wish You Were Here" neitt eftir. "Echoes" er næst lengsta, samfellda verk PF næst á eftir "Atom Heart Mother" og tekur tæpar 24 mínútur á plötunni. Ég var örlítið búinn að segja ykkur frá tóni Wrights og öfugum gítarpedala Gilmours áðan. Þá má ekki gleyma eftirlíkingum af hvalahljóðum, sem búnar voru til m.a. með því að tvö segulbandsupptökutæki voru sett í sitt hvort hornið á stóru herbergi. Annað tækið var síðan matað á hljóðunum og látið spila þau samtímis um leið og það tók hljóðin upp. Hitt tækið spilaði það sem tekið var upp og þannig varð til tímamunur á milli tækja, sem færir okkur þessa blautu bergmálstilfinningu, sem við heyrum þegar verkið er spilað, þannig að okkur finnst við vera stödd neðansjár. Uppbygging næsta kafla er með mestu snilldarverkum rokksögunnar, þar sem gítartónar Gilmours eru hálfkæfðir meðan Wright byggir upp orgelsólóið en fyrirmyndin er sögð vera lagið "Good Vibration" með Beach Boys. Vert er að hafa í huga að gítar- og hljómborðssamleikur Gilmour og Wrights, sem svo miklu skipti fyrir Pink Floyd sáandið var byrjaður töluvert áður en Meddle kom til og náði ekki hámarki fyrr en löngu síðar. Þema verksins er eiginlega tvenns konar: Annars vegar hafið, bæði ofan- og neðansjár samanber

albatrossinn og kóralhellana, og hins vegar sá eiginleiki mannsins að geta samsamað sig tilfinningum annarra og sett sig í spor þeirra. Þetta kemur mjög vel fram í textunum og er fyrst og fremst hugmynd Roger Waters en einmitt þarna fer tónlist PF að snúast um manninn og mannlega eiginleika frekar en fantasíur og ofskynjanir. Þá má benda á að "Echoes" ber greinilega með sér að fjórmeningarnir hafa endanlega rifið sig lausa frá öllum áhrifum frá Syd Barrett.

Tvennt skal nefnt í viðbót áður en verkið er spilað. Í fyrsta lagi voru "Live at Pompei" tónleikarnir teknir upp á 4 dögum í október 1971 þó að myndin kæmi ekki út fyrr en á næsta ári, þannig að frumflutningur "Echoes", "One of These Days" og Pompei útgáfunnar af "Seamus" utan stúdíós var áður en þau komu út. Hitt atriðið er söngleikurinn "The Phantom of the Opera" eftir Andrew Lloyd Webber, sem byggir á eldra leikriti og var frumsýndur 1986 í London. Þar leyfir Webber sér að nota nokkra tóna úr "Echoes" og er stuldurinn svo augljós að meira að segja hinn tóneyralausi stjórnandi þessa þáttar heyrir það greinilega. Waters orðaði það svo í viðtali um sólóplötu sína, Amused to Death 1992: "Já, byrjunin á helvítis "Phantom" laginu er úr Echoes. Daaa - da da da da. Ég trúði því ekki þegar ég heyrði það fyrst. Sömu tónar, sami taktur, sama allt. Helvítis kvikindið." Waters hefndi hins vegar fyrir sig á óhefðbundinn hátt. Í stað þess að fara í mál er eftirfarandi lokatexti á "It's a Miracle " á disknum "Amused to death" frá 1992:

```
"We cover in our shelters  
With our hands over our ears  
Lloyd-Webber's awful stuff  
Runs for years and years and years  
An earthquake hits the theatre  
But the operetta lingers  
Then the piano lid comes down  
And breaks his fucking fingersIt's a miracle"
```

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: Echoes https://www.youtube.com/watch?v=xmADpBu_ZCA